Guðrún Agnarsdóttir, Kvennalista:

## Bíðum eftir svari frá ríkisstjórnarflokkunum

Kvennalistakonur héldu langa fundi í gær þar sem möguleikar á stjórnarmyndun voru ræddir. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, efsti maður á lista þeirra í Reykjavík, lýsti því yfir eftir að úrslit kosninganna lágu fyrir að Kvennalistinn væri tilbúinn í stjórnarmyndunarviðræður við flokkana sem mynda núverandi ríkisstjórn.

Guðrún Agnarsdóttir, fyrrverandi þingkona Kvennalistans, sagðist líta svo á að boltinn væri hjá ríkisstjórnarflokkunum. Hún sagðist vænta viðbragða frá þeim fljótlega. Guðrún sagði að Kvennalistinn væri núna að undirbúa sig undir stjórnarmyndunarviðræður, en auk þess væru kvennalistakonur að ræða stöðu sína í víðu samhengi með tilliti til úrslita kosninganna.

Guðrún sagði niðurstöðu kosninganna gefa tilefni til að ætla að kjósendur vildu álver. Hún sagði að Kvennalistinn yrði að taka mið af því. Hún benti jafnframt á að ýmis atriði sem mestu máli skipti um framtíð málsins lægju ekki fyrir, eins og um raforkuverð og mengunarvarnir. Sama mætti raunar segja um samningana um evrópskt efnahagssvæði. Það mál þyrfti að ræða í samhengi við annað.

Guðrún sagði að það sem væri í brennidepli núna væru úrbætur í kjaramálum. Nauðsynlegt væri að ræða í stjórnarmyndunarviðræðum þessara flokka, ef af þeim yrði, um kjaramál frá öllum hliðum, m.a. með tilliti til kjarasamninga í haust.

-EÓ

Samtök um Kvennalista töpuðu einni þingkonu og fóru úr 10,1% í síðustu kosningum í 8,3% nú. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Afstaðan til álmálsins ástæðan

**Samtök um Kvennalista buðu nú í þriðja sinn fram til Alþingis. Þau töpuðu einni þingkonu miðað við síðast og hafa nú fimm þingkonur. Aðspurð sagðist Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, oddviti Kvennalistans í Reykjavík, telja að afstaða þeirra til álmálsins væri að hluta til ástæðan fyrir tapinu.**



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

„Við erum mjög ósáttar við að hafa misst út Danfríði Skarphéðinsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur, þær góðu landsbyggðarþingkonur. Það má segja að það sé huggun harmi gegn að hafa fengið Jónu Valgerði inn á Vestfjörðum, því það hefði verið verulega slæmt fyrir okkur að missa allar landsbyggðarþingkonurnar. Í mínum huga hafa kvennapólitísk sjónarmið ekki fengið þann stuðning sem við hefðum óskað og mér finnst við standa andspænis vissri stöðnun núna. Konum fjölgaði ekkert á þingi núna og þeim fjölgaði mjög lítið í bæjarstjórnum fyrir ári," sagði Ingibjörg.

Aðspurð sagði Ingibjörg að vissulega hefði barátta þeirra borið árangur því þegar þær byrjuðu hefði staðan verið allt önnur. „Konum hefur fjölgað jafnt og þétt og okkur finnst sem kvennapólitísk sjónarmið hafi fengið sífellt meiri hljómgrunn, en núna er eins og það sé komin einhver stöðnun."

Ingibjörg Sólrún sagðist ekki telja að úrslitin hefðu orðið önnur ef þær hefðu farið í stjórn á síðasta kjörtímabili, eins og þeim stóð til boða. „Þegar ríkisstjórnin var mynduð 1988, þá var búið að setja bráðabirgðalög sem afnámu samningsrétt og bönnuðu verkföll og tóku þar að auki af ákveðnar launahækkanir sem áttu að koma til framkvæmda. Slíka hluti getum við ekki sætt okkur við vegna þess að reynslan sýnir að það kemur alltaf verst niður á konum þegar ríkisvaldið fer að krukka í gerða samninga," sagði Ingibjörg. Hún sagði að aðstæður væru aðrar í dag vegna þess að samningar væru lausir í haust og það væru engin lög sem bönnuðu samninga eða kauphækkanir. „Við teljum að samningar í haust geti gefið ákveðið svigrúm til að bæta kjör hinna lægst launuðu og við viljum reyna að stuðla að því, og það setjum við á oddinn í hugsanlegum stjórnarmyndunarviðræðum," sagði Ingibjörg.

— Hvað með álmálið?

„Það hefur komið skýrt fram að við erum á móti álveri en við settum það aldrei sem skilyrði í kosningabaráttunni," sagði Ingibjörg. Aðspurð sagðist hún telja að þær hefðu tapað fylgi á þessari afstöðu í Reykjavík og Reykjanesi og hugsanlega væri það ástæðan fyrir því að þær töpuðu manni út á landi, þar sem atkvæði í þéttbýlinu geta nýst í öðrum kjördæmum.

Ingibjörg sagði að þær væru búnar að bjóða ríkisstjórninni að styrkja hana, hún væri tæp, aðeins með einn mann í meirihluta. „Við höfum boðist til að styrkja hana með því að koma til viðræðna við þá, en það yrðu að vera viðræður um umbætur í launamálum," sagði Ingibjörg.

—SE

## Sagnfræðingar taka völdin í Kvennalista

Það vekur nokkra athygli að þrjár af fimm nýkjörnum þingkonum Kvennalista eru menntaðir sagnfræðingar. Þetta eru þær Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Ekki er vitað til þess að aðrir þingflokkar hafi sagnfræðinga í sínum röðum. Aðrar þingkonur Kvennalista eru Kristín Einarsdóttir, alþingismaður og líffræðingur, og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir skrifstofumaður.

- EÓ

Hnífsstunga í Eyjum:

## Ungur piltur mikið særður

Rúmlega fertugur karlmaður í Vestmannaeyjum veitti 17 ára pilti þrjú djúp stungusár aðfaranótt laugardagsins.

Atburðurinn varð á mótum Bárustígs og Strandvegs í Eyjum. Maðurinn taldi piltinn hafa áreitt sig og sótti því hníf og réðst að piltinum. Hann stakk piltinn þremur hnífsstungum; í læri, við gagnauga og í brjósthimnu. Síðastnefnda stungan var sýnu alvarlegust. Pilturinn gekkst undir aðgerð, en hefur ekki verið í lífshættu.

Árásarmaðurinn hefur verið úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald og gert að gangast undir geðrannsókn.

-sbs.


Vinningstölur laugardaginn 20. APRÍL '91

12 14 19 25 32

BÓNUS TALA 3

| VINNINGAR | FJÖLDI VINNINGSHAFA | UPPHÆÐ Á HVERN VINNINGSHAFA |
|---|---|---|
| 1. 5af5 | 1 | 6.829.033 |
| 2. 4af5 PLÚS BÓNUS TALA | 6 | 118.329 |
| 3. 4af5 | 192 | 6.378 |
| 4. 3af5 | 6.837 | 417 |

Heildarvinningsupphæð þessa viku: 11.614.612 kr.

Lottó 5/38

Ath. Vinningar undir 12.000 krónum eru greiddir út á Lottó sölustöðum.


Tíminn 23. janúar 1991